



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

des 2008

5. tbl. 15. árg.

Meðal efnis:

Vetrarstarfið

- Dagskráin í vetur

Veiðifróðleikur

- Pistill frá málþingi um veiðigæði

Formaðurinn

- Að sjálfsögðu pistill formanns

Takið
Eintak



Við hjá Stangaveiðfélagi Hafnafjarðar óskum öllum félögum og velunnurum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



INTERSPORT
Húsgagnahöllinni sími. 585 7239 **VEIÐIDEILD**



AGNIÐ

Útg.: Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Hans Unnþór Ólason

Ritstjórn: Ævar Ágústsson
Sími: 6699240

Prentun: Steinmark - www.steinmark.is

Ritstjórinn



Sælir veiðimenn og konur !
Það er nokkuð fróðlegt að setjast niður núna og setja saman blað. Sú umræða sem í gangi er nánast einungis á einn veg, "svört". Hvernig er með þá sem skópu þetta ástand? Lítið hefur heyrst frá þeim sem voru einungis með einhverjar milljónir í mánaðarlaun, eða fengu tæpan milljarð fyrir að hætta í vinnu, ja eða "bara" nokkur hundruð milljónir fyrir að

mæta í vinnu. Ef allir þessir "óþarfa" fjármunir væru lagðir saman, erum við þá komin nálægt því sem vantaði í bankana?

- Hvað með þá fjármuni sem fóru í "veiðitúra"? Ég er áskrifandi að fréttabréfi frá flugur.is. Í síðasta eintaki var fjallað um veiðitúr, sem ætti einungis að kalla sukk og svínarí. Þar er fjallað um veiðitúr hjá hjónum sem áttu sína árlegu stöng, en svo illa vildi til að banki átti restina af stöngunum. Þetta var víst ein af dýrari laxveiðiám landsins. Ég kannski fæ leyfi síðar til að setja söguna í heild hér í blaðið, en til að gera langa sögu stutta, voru þau hjón með áнна í friði meðan "veiðigestir" bankans nutu veitinga frá "frægum sérinnfluttum erlendum kokki". Hvernig er með aflatölur eftir svona túra? Er svona lagað ekki endanlega liðið undir lok, við skulum vona það. Hver skyldi í raun hafa borgað fyrir þennan veiðitúr?, vætnanlega var það "sótsvartur" almúgaviðskiptavinur bankans.

Kveðja; Ævar

Staðalatburðir framundan í vetur

Það eru nokkrir staðalatburðir sem gott er að setja upplýsingar um svona þannig að það gleymist ekki.

Aðalfundur SVH verður haldinn 14. febrúar í félagsheimili okkar að Flatahrauni 29. Formleg dagskrá verður auglýst í næsta tölublaði.

Efnilegasta Silungaflugan 2009. Þessi keppni verður að sjálfsögðu haldin eins og undanfarin ár. Einnig verður **Leynivopnið 2009** á vegum Landssambands stangaveiðifélaga.

Hvernig fyrirkomulag beggja þessara keppna verður, auglýsum við nánar þegar líður á vorið.

Formaðurinn

Heil og sæl, ágætu félagar!

Þá er vetrarstarfið okkar að fara í gang með öllu tilheyrandi, s.s. opnum húsum með hnýtingum og kynningum, umsóknum og úthlutun veiðileyfa komandi sumars og síðast en ekki síst, Agninu.

Í ljósi þessa ástands sem þjóð vor býr við þessa dagana og algerrar óvissu um komandi tíð er erfitt að rýna í veiðileyfamarkaðinn, þó er ljóst að veiðimenn munu ekki leggja stöngina á hilluna, hins vegar eru flestir sammála um að mynstrið muni breytast, sótt verði í ríkari mæli í ódýrari veiðisvæði, menn verði fleirri á stöng á dýrari svæðum og einhverjir dragi úr akstri á fjarlæg veiðisvæði. En það er líka mikilvægt að tala þetta ekki „niður í kjallara“ þrátt fyrir harðæri, margir veiðleyfasalar hafa gefið út að verð verði ekki hækkuð næsta sumar og hafa náð þeim árangri með samningum við landeigendur, og var nú líka mál til komið að þessari verðlagningardellu færi að ljúka. En við skulum heldur ekki gleyma því að fjölmargir hafa atvinnu og /eða tekjur af þessari auðlind og því mikilvægt að stíga létt til jarðar, en verðið má alveg lækka



Frá kynningu á Hlíðarvatni

á haustin, við sjáum til.

Talandi um Hlíðarvatnið er veiðin heldur á uppleið eins og sést hér annarstaðar í blaðinu, en mikið vantar á að við séum komin nálægt meðalveiði síðustu áratuga. Hvort þetta stafar af minni sókn, óreyndari veiðimönnum, fæðuofframboði eða blöndu af öllu þessu er erfitt að segja, en flestir eru sammála um að ekki sé minna af fiski í vatninu en verið hefur.

En framundan er vetrarstarfið og hvet ég féлага til að koma nú og hnýta saman, spjalla og taka með sér gesti, ég meina, hefur maður eitthvað betra að gera í kreppunni ?? Og ekki eins og þetta sé slæmur valkostur, síður en svo!

Gaman væri nú að fá efni frá lesendum frá liðnu veiðisumri, myndir eða sögur, stór hluti af þessu öllu er jú þrátt fyrir allt að miðla því sem maður lendir í, ýkja aðeins og hafa gaman af þessu öllu.

Við sjáumst í vetur, kv. Hansi

Uppskriftin

Innbakaður silungur

Innbakaður silungur (eða lax) er mjög skemmtileg matreiðsla. Það er hægt að velja um margar mismunandi útgáfur bara eftir því hvað sett er með sem fisknum sem fylling í deigið Þessi útgáfa sem ég set hér er ein af fjölmörgum svona, þessi er nokkuð "fersk".

4 meðastór silungsflök
8 sveppir, skornir í sneiðar
1 rauðlaukur smátt saxaður
Smjör til steikingar
1 stk egg, pískað

2-3 plötur smjördeig
1 rauð paprika skorin í smáa teninga
1 sítróna
Salt og Pipar

Hreinsið silungsflökin (hvort þau eru roðflett er smekksatriði), skerið hvert þeirra í tvennt eða þrennt þannig að hver biti sé ca 8 cm. Setjið á disk. Kreistið smá sítrónusafa yfir hvern bita, saltið og piprið og látið standa í 30 mín. Skerið niður sveppi, papriku og rauðlauk og létt steikið á pönnu, sett til hliðar.

Fletjið lítilsháttar út smjördeig og skerið í ferninga sem er rúmlega tvöfalt stærri en fiskbitarnir. Leggið fiskinn á deigið þannig að þið hafið um 2 cm fría, setjið blöndu af sveppum, papriku og lauk ofan á fiskinn. Penslið deigkantan með eggi og leggið saman, pressið síðan endana saman með gaffli.

Bakist í ofni við 140 - 150° í 15 - 20 mínútur eða þar til deigið er orðið gullbrúnt að lit.

Berist fram með fersku salati og einhverri góðri kaldri sósu.

Skipta má sveppum, papriku eða lauk út fyrir annað grænmeti eftir eigin geðþotta.



FJARÐARKAUP

Verslun Veiðimannsins

Vetrarstarfið 2009

Jæja nú er vetrarstarfið loks að hefjast. Nú þurfa menn (og konur) að brýna hnýtingarverkfærin til að framleiða flugur í stórum stíl í vetur. Ekki gleyma því að hnýtingarkeppnin verður líka þannig að það þarf að framleiða eitt "leynivopn".

Byrjunun verður fimmtudaginn 15. janúar 2009.

Dagskráin er að sjálfsögðu ekki "heilög", nema lokahófið, þannig að eitthvað gæti breytst svona þegar árið hefst.

15. jan	Hnýtingar og spjall
22. jan	Kynning
29. jan	Hnýtingar og spjall
5. feb	Hnýtingar og spjall
12. feb	Kynning
19. feb	Hnýtingar og spjall
26. feb	Kynning
5. mar	Hnýtingar og spjall
12. mar	Kynning
19. mar	Hnýtingar og spjall
26. mar	Kynning
2. apr	Hnýtingar og spjall
16. apr	Hnýtingar og spjall
22. apr	Lokahóf, Kvöldið fyrir Sumardaginn fyrsta.

Myndin hér til hliðar:
Frá Hlíðarvatni, það eru
einungis u.þ.b. 134 dagar
þar til við byrjum veiðar
þar að nýju. (1.5.2009)



Fróðleikur um Veiðimál

Laugardaginn 25. október 2008 var haldið merkilegt málþing undir yfirskriftinni "Veiðigæði á Íslandi, staða og þróun stangveiði" og var málþingið haldið af Landssambandi stangaveiðifélaga, Veiðimálastofnun og Landssambandi veiðifélaga í tilefni af 50 ára afmæli þeirra síðastnefndu. Undirritaður sat þetta málþing og þar sem ég saknaði þess að sjá ekki fleiri andlit sem ég þekkti ákvað ég að taka saman nokkra punkta úr erindunum og miðla til ykkar því sem þar fór fram. Frummælendur fengu í hendurnar forsoðun að því sem ræða skyldi og við munum birta eina framsögu í hverju Agni vetrarins;

Fyrsta framsaga; **Er stangaveiði náttúruupplifun eða fíkn á uppsprengdu verði?**, Bjarni Júlíusson, fyrrv. Form. SVFR og fyrst og fremst veiðimaður skilgreindi veiðigæði sem svo; hvað er greitt fyrir veiðisvæði og hvað er kaupandinn að fá fyrir peninginn og í framhaldinu skipti hann þessum gæðum upp í fjóra flokka sem hann gaf einkunn:

a) Veiðivon ***** (5 stjörnur) b) Aðgengi **** (og fer batnandi)
c) Stærð * (stórlaxinn er í alvarlegri útrýmingarhættu og því í öllu falli óforsvaranlegt að veiða hann) d) Ósnortin náttúra *** (á uppleið eftir lægð). Staðreyndir: Laxi fjölgar, en hann smækkar, (smálax orðinn ríkjandi í afla).

Verð á veiðileyfum hefur hækkað gríðarlega. Ekki er möguleiki að veiða uppí kostnað líkt og áður var hægt. Kvaðir aukast, t.d. leyfilegt agn og skylt að sleppa hluta eða öllum feng (kvóti).

Engu að síður hefur verð veiðileyfa hækkað gríðarlega! Gott dæmi um verðlagsþróun er sú staðreynd að 1998 gátu hjón farið í helgarferð til London fyrir sama verð og 3 júlí daga í Norðurá, 2008 tíu árum síðar kostar helgarferðin umþ.b. 180 þús, en sama veiðileyfi 430 þúsund. !!! Hinsvegar hefði lausleg athugun á gögnum frá árunum 1988 - 2008 sýnt fram á allt að 200% hækkun á veiðileyfum og jafnframt sömu eða svipaða hækkun á leigugreiðslum fyrir veiðisvæðin, m.ö.o. hafa þessi tvö atriði haldist í hendur.

Samantekið lítur þróunin út á þessa vegu; Með vaxandi kaupmætti undanfarinna



ára hefur fjársterkum kaupendum fjölgað, en í ljósi þróunar undanfarið mun þeim væntanlega fækka verulega, en á sama tíma hefur fjársterkum erlendum kaupendum fækkað. Íslenskir veiðimenn er í biðstöðu og munu örugglega draga úr kaupum á dýrari veiðileyfum, en að sama skapi sækja meira í ódýrari veiðileyfi, silungsveiði, og jafnvel 2 á stöng. Sannir veiðimenn eru tilbúnir til að axla ýmsar birgðar og kvaðir, en ekki greiða hvaða verð sem er.

Frá Kleifarvatni, gott aðgengi, góð veiðivon, stutt að fara.




Hlíðarvatn 2008

Hér er smá samantekt frá Hlíðarvatnsnefnd varðand veiðisumarið 2008. Skráður afli var meiri 2008 en sumarið 2007:

Árið 2007 437 fiskar

Árið 2008 716 fiskar

Margir veiðimenn vildu meina að slæmt veður, fyrripart sumarsins hafi hamlað hvað menn voru lítt iðnir við veiðarnar og þar með afla manna. En ef skoðuð eru súluritin, ætti að vera nokkuð skothelt að verða sér úti um veiðileyfi í júní, vopnast flugustönginni með Peacock undir, og fara í Kaldósinn. Er veiðimaðurinn þá ekki nokkuð öruggur með að fá fisk?



Bylting

í fluguveiðum



Með LOOP OPTI ZPEY, nýju flugustönginni, verður áreynslan minni og líkamsbeitingin mun betri sem leiðir af sér margfalt minna líkamlegt álag, einkum á handleggji, herðar og háls.

Nýtt átak, ný og einfaldari kasttækni, þægilegra hald og mun sveigjanlegri stöng, en allt þetta ásamt draumakringumstæðum gerir stangveiðina engu líka.

Nýja LOOP OPTI ZPEY-flugustöngin er það sem koma skal

 **Ellingsen**

– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630
Opíð mánud.–föstud. 10–18 og laugard. 10–16